

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um vinnustaðanámssjóð.

1. *Hve miklu fé hefur verið úthlutað úr vinnustaðanámssjóði frá stofnun hans og hversu margir hafa fengið úthlutað úr honum, sundurliðað eftir árum?*

Í töflunni hér á eftir eru upplýsingar um úthlutanir styrkja til vinnustaðanáms frá því að greiðslur hófust árið 2011.

Úthlutanir styrkja til vinnustaðanáms árin 2011–2014.

Tímabil	Fjöldi fyrirtækja eða stofnana	Fjöldi nemenda	Greiðsla á viku	Samtals úthlutað
Haust 2011	56	182	20.000 kr.	54.500.000 kr.
Vor 2012	113	352	17.000 kr.	83.800.000 kr.
Haust 2012	110	396	14.000 kr.	76.500.000 kr.
Vor 2013	134	491	12.000 kr.	75.800.000 kr.
Haust 2013	119	402	12.000 kr.	72.138.000 kr.
Vor 2014	144	498	12.000 kr.	94.440.000 kr.
Haust 2014	87	411	12.000 kr.	78.828.000 kr.

2. *Hyggst ráðherra gera breytingartillögu við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015 þess efnis að fjármunir verði lagðir til vinnustaðanámssjóðs?*

Málefni vinnustaðanámssjóðs munu koma til umræðu við frekari vinnslu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2015.

